

Nd.

52. Frumvarp til laga

[51. mál]

um breyting á lögum nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson,
Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, aðaldreifiaðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó aldrei meira en helmingi alls kostnaðar.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð gegn tryggingum, sem hún metur gildar, á nauðsynlegum lánum, sem sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkvæmt 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og styrkur samkvæmt 4. gr. aldrei fara sameiginlega yfir 90% af stofnkostnaði allrar veitunnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 93 5. júní 1947 er kveðið á um efnahagslega aðstoð ríkissjóðs við sveitarfélög, sem koma sér upp vatnsveitum. Enn fremur eiga ákvæði laganna við um vatnsveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt vatnalögum frá 1923. Heimilt er að veita úr ríkissjóði styrk, sem nema má allt að helmingi kostnaðar við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir.

Löggjöf þessi hefur um margt reynzt hin nýtasta og gert ýmsum sveitarfélögum fært að stofna til vatnsveitugerðar, sem að öðrum kosti hefði reynzt erfitt eða ókleift.

Að fenginni reynslu af framkvæmd laganna hefur þó komið í ljós, að eðlilegt má telja, að lögum verði breytt til annars horfs um nokkur atriði. Skulu þau rakin nokkru nánar.

Styrkurinn úr ríkissjóði getur orðið æði takmarkaður og langt fram yfir það, sem ætla má, að löggjafinn hafi hugsað sér, þegar svokölluð stofnæð er einungis litill hluti alls vatnsveitukerfisins. Þá koma aftur á móti svokallaðar aðaldreifiaðar snemma til og verða í rauninni höfuðhluti dreifilínukerfisins. Miðast þá styrkurinn aðeins við stofnæðina sjálfa, en hún er sá hluti vatnsæðar, sem liggur frá vatnsbóli eða upptökum vatns að fyrstu greiningu. Þannig er stofnæð skilgreind af hálfu þeirra aðila, sem styrkjum úthluta. Skal út af fyrir sig eigi dregið í efa, að þessi túlkun sé rétt. En auðséð er hins vegar, að þegar svo stendur á um stofnæð, er nauðsynlegt, að styrkurinn nái einnig til aðaldreifilínukerfisins, ef verulegt gagn á að verða að. Slík aðstaða getur hæglega komið til, og eru þess dæmi bæði í kaup-túnum, þorpum og ekki hvað síst í sveitum, þar sem strjálbýlt er og dreifingarkerfið er víðáttumikið. Við þessar aðstæður getur framkvæmd vatnsveitugerðar stöðvazt eða orðið ónóg, nema riflegur styrkur komi til. Skortir þannig heimild í lögum til nauðsynlegrar aðstoðar þegar þörf hennar er hvað þrýnust. Til þess að bæta nokkuð úr í þessu efni leggjum við flm. frv. til, að styrkur úr ríkissjóði skuli einnig ná til aðaldreifiaða.

Þá þykir okkur flm. rétt að setja inn í lögina ákvæði á þá leið, að ábyrgð sú, sem ríkissjóði er heimilt að veita sveitarstjórnnum vegna vatnsveitugerðar, sé sjálfskuldarábyrgð. Nýlega samþykkt lög um ríkisábyrgðir gera ráð fyrir því, að ábyrgð ríkissjóðs sé einföld, nema sérstaklega sé fram tekið. Vatnsveitugerðir eru mikilsverðar framkvæmdir í þágu almennings. Er því ærin ástæða til þess, að ríkissjóður beri þyngri ábyrgð en ella.

Að lokum er lagt til í frv., að hækkuð verði ábyrgðar- og styrksfjárhæðin sameiginlega upp í allt að 90% af stofnkostnaði allrar vatnsveitunnar.

Að dómi okkar flm. er hér um eðlilegar breytingar að ræða og engan veginn þess eðlis, að ágreiningi geti valdið í aðalatriðum.